



Alþingi
Erindi nr. P 139/623
komudagur 2. 12. 2010

ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafirði 2. desember 2010

Umsögn félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Þann 25. nóvember sl. sendi félags- og tryggingamálanefnd Alþingis erindi til Ísafjarðarbæjar til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra með síðari breytingum, 256. mál. Í erindinu kom fram að frestur til að skila umsögnum væri til 2. desember. Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar telur að nauðsynlegt hefði verið að hafa lengri tíma til þess að kynna sér frumvarpið og fjalla um það.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið, þá er það flutt til þess að hrinda í framkvæmd heildarsamkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Samkomulagið var undirritað þann 23. nóvember sl. og felur í sér að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk flyst frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Eftir það munu sveitarfélögin bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar.

Ísafjarðarbær fagnar frumvarpinu og telur það, ásamt heildarsamkomulagi um yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, muni veita sveitarfélögunum tækifæri á að bæta þjónustu við fatlaða í nærumhverfi sínu og samþætta hana annarri félagslegri þjónustu sem sveitarfélögin sinna. Einföldun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á að koma í veg fyrir „grá svæði“ í samskiptum þessara aðila og leiða til heildstæðari, aðgengilegri og betri þjónustu fyrir notendur.

Hins vegar gætir þess víða í frumvarpinu að möguleikar sveitarfélaga til að endurskoða og samþætta þjónustu við fatlaða annarri félagsþjónustu séu sett meiri takmörk en í heildarsamkomulagi um flutning málaflokksins. Dregur það úr möguleikum sveitarfélaga að ná fram nauðsynlegri hagræðingu og í raun margs konar umbótum á þjónustu við fatlaða. Jafnframt virðist dregið úr möguleikum sveitarfélagana til ákvarðanatöku varðandi málaflokkinn með ýmsum „leiðbeinandi“ tilmælum ráðherra fyrir sveitarfélögin að byggja á þegar þau setja sér reglur um einstaka þætti í framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.

Um 1. gr. - *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*

Flest bendir til þess að samningur þessi verði fullgildur og innleiddur í íslenska löggjöf í heilu lagi. Ekki hefur hins vegar verið tekin afstaða til þess hvernig innleiða eigi samninginn og hver áhrif þess verði á heildarsamkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu á málefnum fatlaðra, t.d. hvað varðar útgjöld sveitarfélagana við að fullgilda samninginn. Ástæða er til að minna á að gert er ráð fyrir útgjaldaaukningu í málaflokknum við fullgildingu samnings SP og þarf að taka það til greina í yfirfærsluferlinu.

STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

Um 9. gr. – *Um búsetu fatlaðs fólks*

Í þessari grein segir að fatlaðir skuli eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir þeim kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Jafnframt segir að sveitarfélag eða sveitarfélög sem standa saman að þjónustusvæði skulu tryggja að framboð á húsnæðisúrræðum skv. 1. mgr. sé til staðar jafnframt því að veita þjónustu skv. 1. mgr.

Verður að gera athugasemd við þessa málsgrein enda eru lagðar þungar skyldur á sveitarfélögin ef ætlast er til þess að þau geti á öllum tíma mætt eftirspurn eftir slíku húsnæði, sérstaklega í ljósi þess að þau taka við málaflokknum með þeim biðlistum sem þegar eru til staðar eftir viðeigandi húsnæði fyrir fatlaða.

Um 17. gr - *Vinnuálastofnun annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða fyrir fatlaða samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og greiðist kostnaður vegna vinnumarkaðsaðgerða úr ríkissjóði.*

Í þessari grein kemur fram að Vinnuálastofnun annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða fyrir fatlaða samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og greiðist kostnaður vegna vinnumarkaðsaðgerða úr ríkissjóði. Er miður að ekki hafi tekist að ljúka atvinnumálum fatlaðra með skýrum hætti við samningsgerðina og ná samkomulagi um framtíðarverkaskiptingu milli Vinnuálastofnunar og sveitarfélaganna hvað þetta varðar. Framkvæmdin og aðkoma Vinnuálastofnunar verður að vera skýr og þannig frá málinu gengið að hún geti ekki krafist sveitarfélög um greiðslur fyrir útvegum úrræða til fatlaðra einstaklinga.


Um 28. gr. *Fjármögnun þjónustu.*

Hér segir m.a. að sveitarfélög skuli standa að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlaða með framlögum til stofnkostnaðar eftir því sem nauðsyn krefur. Í 34. grein c. lið stendur hins vegar að Framkvæmdasjóður fatlaðra skuli lagður niður en við réttindum og skyldum hans taki fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Bent er á að hér virðist um mótsögn að ræða eða að orðalag sé ekki skýrt um hvernig þessu skuli háttað.

Um 34. gr. c lið. *Bráðabirgðaákvæði.*

Fram til þessa hefur Framkvæmdasjóður fatlaðra haft ákveðnar skyldur varðandi t.d. uppbyggingu búsetuúrræða. Hér þarf að kveða skýrar á um hvernig framangreindu verður fyrirkomið. Jafnframt þarf að koma skýrar að úrræðum sem varða aðgengismál.

Virðingarfyllst,


Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
formaður félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar